

Sp.

92. Tillaga til þingsályktunar

[85. mál]

um samskipti Íslands við vestrænar þjóðir.

Flm.: Kristján J. Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að óska viðræðna við stjórnir Efnahagsbandalags Evrópu og Atlantshafsbandalagsins út frá þeirri forsendu að lítið verði í samhengi á hagsmuni Íslands að því er snertir efnahags- og viðskiptamál og þátttöku þess í varnarbandalögum við vestrænar þjóðir.

Greinargerð.

Það er ein meginforsenda fyrir tengslum íslendinga við vestrænar þjóðir, auk sameiginlegrar menningararfleifðar, að samskiptin við þær á sviðum efnahags- og viðskiptamála séu með þeim hætti að virtir séu þeir hagsmunir íslendinga sem lífsafkoma þjóðarinnar byggist á. Reynsla íslendinga af góðum samskiptum við vestræn ríki varð öðru fremur til þess að meiri hluti íslendinga kaus að gerast þátttakandi í varnarsamstarfi vestrænna þjóða þegar til þess var stofnað.

Sú afstaða, sem Efnahagsbandalag Evrópu hefur á síðari árum tekið til efnahagslegra og viðskiptalegra hagsmuna Íslands, gæti neytt íslendinga til að leita í auknum mæli markaða fyrir útflutningsafurðir sínar utan vestrænna landa eins og raunin hefur orðið á í fyrri landhelgisdeilum við einstök lönd í Vestur-Evrópu. Það er augljóst að sú þróun mála mundi leiða til þess að áframhaldandi aðild íslendinga að varnarbandalögum við vestrænar þjóðir gæti orðið andstæð viðskiptahagsmunum þeirra. Slík framvinda hlýtur einnig að vera andstæð hagsmunum EBE-landanna, sem hafa mikla þörf fyrir að kaupa sjávarafurðir af íslend-

ingum. Það er því eigi aðeins í þágu íslendinga, heldur ekki síður í samræmi við hagsmuni viðsemjenda þeirra í Efnahagsbandalagi Evrópu og Atlantshafsbandalaginu, að við gerð samninga milli þeirra og íslendinga sé í samhengi fjallað um samskipti við vestræn ríki á breiðum grundvelli.

Vestur-Evrópulöndin í Atlantshafsbandalaginu hafa að sjálfsögðu mikilla hagsmuna að gæta að því er varðar áframhaldandi aðild íslendinga að NATO, en eigi að síður hafa þessi lönd innan EBE beitt íslendinga efnahagslegum og viðskiptalegum þvingunum. Þessi afstaða skerðir öryggi íslensku þjóðarinnar til að geta lifað í landinu sem sjálfstæð þjóð.

Hagsmunir Atlantshafsbandalagsins að því er snertir varnir Íslands eru fyrst og fremst þeir að fá aðstöðu á Íslandi til hervarna og ná þar með því markmiði að viðhalda núverandi valdajafnvægi milli Atlantshafsbandalagsins og Varsjárbandalagsins, en í því sambandi er landfræðileg lega landsins mjög mikilvæg.

Í þessu efni hafa íslendingar víðtækari hagsmuna og þeim mikilvægari að gæta. Meiri hluti íslensku þjóðarinnar telur það í samræmi við íslenska hagsmuni að það hernaðarlega jafnvægi, sem nú er milli Atlantshafsbandalagsins og Varsjárbandalagsins, raskist ekki og kýs að halda áfram viðskiptalegum og menningarlegum tengslum við vestrænar þjóðir. Út frá þeim forsendum eru íslendingar aðilar að varnarsamstarfi vestrænna þjóða. En hvað þetta snertir hafa íslendingar að sjálfsögðu það fyrst og fremst í huga að öryggi þjóðarinnar sjálfrar til þess að lifa í landi sínu sé tryggt. Hér er ekki aðeins um það að ræða að tryggt verði í samningi um varnir Íslands að fyrir hendi sé úrræði sem stuðli svo sem unnt er að öryggi íbúa landsins í hugsanlegum hernaðaráttökum. Hitt er íslendingum einnig mjög nauðsynlegt, að hafa tryggingu fyrir efnahagslegu öryggi sínu.

Nú er af hálfu EBE-landa grafið undan lífsmöguleikum íslensku þjóðarinnar, annars vegar með því að virða ekki rétt íslendinga til þeirrar útfærslu íslensku landhelginnar, sem þeim er beinlínis lífsmöguleikur, og hins vegar með því að beita Ísland viðskiptalegum þvingunum. Þessar aðgerðir eru komnar á það stig að í þeim felst alvarleg ógnun við tilveru íslendinga sem efnahagslega og stjórnfarslega sjálfstæðrar þjóðar. Afstaða íslendinga til vestrænna þjóða hlýtur að breytast, komist þeir að þeirri niðurstöðu að áhugi vestrænna þjóða fyrir Íslandi og íslendingum takmarkist við það eitt að líta á landið sem útsker í norðurhófum, hernaðarlega mikilvægt fyrir öryggi nágrannalandanna í Atlantshafsbandalaginu, en að afdrif þjóðarinnar, sem landið byggir, varði þær engu.

Í álitni Hafrannsóknastofnunar Íslands, sem birt var í október s.l. og breskir fiskifræðingar hafa í meginatriðum fallist á, kemur fram að á næstu árum verður a. m. k. hvað þorsstofninn snertir að takmarka fiskveiðar innan 200 mílna fiskveiðilögsögu Íslands við lægri kvóta og minni sókn heldur en nemur núverandi afkastagetu íslenska fiskveiðiflotans, ef ekki á að stefna að enn frekari eyðingu fiskstofna en orðið er og sífellt minnkandi aflamagni á sóknareiningu. Er samt sem áður um að ræða verulega skerðingu á þeim afla sem íslendingar sjálfir fengu í sinn hlut af Íslandsmiðum fyrir aðeins fáum árum.

Ekki þarf að rekja afstöðu sumra þeirra landa í Efnahagsbandalagi Evrópu, sem jafnframt eru bandamenn okkar í NATO, til útfærslu íslenskrar fiskveiðilögsögunnar, en skeytingarleysi þeirra um lífsafkomu íslensku þjóðarinnar í því sambandi er ótvírætt. Jafnframt hafa þau beitt þeim viðskiptalegu þvingunaraðgerðum að halda áfram að leggja 15% toll á íslenskar sjávarafurðir sem seldar eru innan EBE-landanna og þar með hindrað að til framkvæmda komi það atriði samningsins milli Íslands og EBE sem íslendingum er mikilvægast.

Það er þó ekki síður hættulegt fyrir íslenskan sjávarútveg að með hverju ári auka EBE-löndin styrki og efnahagsaðstoð við sjávarútveg í löndum sínum, sem leiðir til þess að þau geta selt fiskafurðir á markaðsverði sem er lægra en raunverulegt framleiðsluverð. Fyrir háþróaðar iðnaðarþjóðir, þar sem framleiðsla sjávarafurða er aðeins örlítið brot af þjóðarframleiðslunni, skiptir slík niðurgreiðsla með

tilfærslu fjármagns til sjávarútvegsins frá miklu stærri atvinnugreinum litlu eða engu máli.

Það markaðsverð á fiskafurðum í EBE-löndunum, sem þannig er til komið, ákvarðar það verð sem Íslendingar fá fyrir sjávarafurðir sínar á þeim markaði.

Efnahagslegt og stjórnarfarslegt sjálfstæði Íslendinga, sem búa við þá aðstöðu að 80% útflutningsvara þeirra eru sjávarafurðir og hafa engar atvinnugreinar sem eru þess megnugar að halda sjávarútveginum uppi með styrkjum, og lífsafkoma þjóðarinnar veltur beinlínis á því, að þeir eigi aðgang að mörkuðum þar sem þeir geta selt sjávarafurðir sínar á verði er stendur undir framleiðslukostnaði. Íslendingar hafa skilyrði til að geta framleitt sjávarafurðir með lægri tilkostnaði en flestar aðrar þjóðir og eru því samkeppnisfærir á hvaða markaði sem er, þar sem ekki er um undirboð að ræða.

Verðfall á íslenskum sjávarafurðum, sem orðið hefur á síðustu árum, má vafalaust ekki síður rekja til þessara orsaka heldur en til tímabundinnar efnahagskreppu.

Með þessu móti eru Íslendingar þvingaðir til að selja sjávarafurðir sínar undir framleiðsluverði, en af slíkum viðskiptakjörum leiðir skerðingu á lífskjörum Íslendinga svo þau verða ekki sambærileg við það sem gerist í öðrum vestrænum löndum. Á þennan hátt eru Íslendingar einnig óbeint látnir borga styrkina sem EBE-löndin veita sjávarútvegi sínum, m. a. til fiskveiða við Ísland.

Í viðræðum milli ríkisstjórnar Íslands og stjórnar EBE og Atlantshafsbandalagsins er brýnast að ná eftirtöldum markmiðum:

- a) Lönd innan EBE viðurkenni 200 mílna fiskveiðilögsögu við Ísland og leiti ekki eftir veiðiheimildum innan hennar svo lengi sem fiskstofnarnir eru það veikir að Íslendingar geta og verða að fullnýta þá til þess að tryggja lífsafkomu íslensku þjóðarinnar sjálfar.
- b) Í viðskiptasamningi við EBE verði með milligöngu NATO og Bandaríkja Norður-Ameríku tryggt að Íslendingar njóti eðlilegra viðskiptakjara. Að því er sjávarafurðir snertir verða Íslendingar að ná samningum um að geta fengið fyrir þær framleiðsluverð án tillits til þess hvort styrkir til sjávarútvegs EBE-landanna leiða til undirboðs á markaðnum.
- c) Tryggt verði svo sem unnt er öryggi íslensku þjóðarinnar í hugsanlegum hernáðaráttökum og í því sambandi sérstaklega haft í huga að helmingur íslensku þjóðarinnar býr á samfelldu þéttbýlissvæði.

Á það verður að reyna við samningsumleitunar hvort þau vestræn ríki, sem Íslendingar hafa samið við um viðskipta- og varnarmál, vilji ganga svo til móts við hagsmunum Íslendinga að íslensku þjóðinni verði framvegis lífvænt í landi sínu.

Hagsmunir Íslendinga og vestrænna þjóða fara að mörgu leyti saman séu samskiptin á jafnréttisgrundvelli, en í þeim tilgangi að samningar takist á grundvelli gagnkvæmra hagsmuna er þessi tillaga til þingsályktunar flutt.